

Höfundur: Anna Kristín Pétursdóttir.

Frumvarpi til stjórnskipunarlaga við breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Hér fyrir neðan eru nokkur atriði sem ég tel ástæðu til að gera athugasemdir við í nýju drögum að Frumvarpi til stjórnskipunarlaga við breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Við lesturinn á þessum frumvarpsdrögum, þá finnst mér ýmislegt vanta inn í stjórnarskrána: Atriði eins og:

- Auðlindarákvæði vantar (til dæmis skilgreiningu á hvað telst til auðlinda landsmanna).
- Það er greinilegt að það er ekkert tekið tillit til stjórnarskrá stjórnlagabingsins frá 2011.

Þá finnst mér flest í þessum frumvarpsdrögum allt of almennt orðað og gefur allt of mikið færi á frjálsri túlkun þeirra sem eru í aðstöðu eða sem hafa vilja til að misnota aðstöðu sína og gætu túlkað orðalagið með „sína hagsmuni“ í huga, svipað og gert er með auðlindir og önnur verðmæti landsmanna í dag.

Ég tek fram að ég áskil mér allan rétt til að leggja fram fleiri athugasemdir, koma með fleiri tillögur eftir sem við á eða leggja fram mótmæli við þessum og öðrum frumvarpsdrögum eftir því sem við á. Þessi frumvarpsdrög þarf að vinna miklu betur en hefur verið gert hér.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds o.fl.).

Við 1. grein:

Þar segir:

1. gr.

2. og 3. málslíður **2. gr.** stjórnarskrárinnar orðast svo:

Forseti, ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Hæstiréttur Íslands og *aðrir dómstólar fara með dómsvaldið.*

Athugasemd AKP:

Hvaða „*aðrir dómstólar*“ eiga að fara með dómsvaldið? Það eru nefnilega til allskonar „dómstólar“ og hvaða dómstóla er átt við? Er ekki til Íslenskt orð sem skilgreinir Lands- og Héraðsdóm sem orðalagið hlýtur að vera að vísa til að eigi að standa með Hæstarétti, nema að verið sé að meina dómstól eins og Kjaradóm, svo eitthvert dæmi sé tekið... Gerðardóm ... eða Dómstól KSÍ...?

Við 2. grein:

Þar segir:

2. gr.

5. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum og almennum kosningum af þeim er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 2,5% kosningabærra manna og mest 5%. Sá sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

Athugasemd AKP:

Mætti ekki setja inn ítrekun á að: „.....*Forsetinn skal vera þjóðkjörinn* og skal kjörinn beinum leynilegum og almennum kosningum af þeim er kosningarétt hafa til Alþingis. ...“

Athugasemd AKP:

Meðmælin: Hvers vegna þarf að breyta fjölda meðmælenda úr um það bil 2,0% meðmælenda í 2,5%? Miðað við núverandi fjölda þeirra sem hafa kosningarétt hérna eða rúmlega 250.000 manns í síðustu kosningum, þá eru 2.0% eitthvað rúmlega 5.000 meðmælendur. Ef viðmiðið væri hækkað í 2,5%, þá er verið að hækka lágmarksfjölda meðmælenda í fjölda á bilinu rúmlega 6.250 meðmælendur eða um 1.000 meðmælendur.

Rök: Að mínu mati er þessi aukning úr 1.500 í rúm 6.000 meðmælendur ansi brött og menn hljóta að þurfa að taka líka tillit til þess að þeim sem hafa kosningarétt hérna á komandi árum hlýtur að fjölga og þá verður 2,5% ansi hátt hlutfall eftir nokkur kjörtímabil. Fyrir utan, þá þarf að athuga að það eru kannski ekki allir sem hafa áhuga á að láta skrá nafn sitt sem opinberan stuðning við einhvern frambjóðandann á meðmælandaskrá þó svo að þeir myndu kjósa viðkomandi frambjóðanda.

Þessi aukning getur líka haft þær afleiðingar að fjöldasmölun á einstaka frambjóðanda gæti átt sér stað og þar með takmarkað aðgang annarra frambjóðenda sem hefðu ekki eins öflugt bakland fjármuna til dæmis og það þýðir ekki að þræta fyrir að á sér stað hérna samanber undanfarnar kosningar. Að mínu mati, þá gæti þessi fjölgun meðmælenda stuðlað að lélegra lýðræði, nema að það sé einmitt tilgangurinn með þessari tillögu, þ.e. að tryggja að einhver einn frambjóðandi umfram aðra njóti forgangs hverju sinni.

Við 3. grein:

Þar segir:

6. gr.

6. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Kjörtímabil forseta hefst 1. júlí og endar 30. júní að sex árum liðnum. Forsetakjör fer fram í maí- eða júnímánuði það ár er kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil samfellt.

Athugasemd AKP:

1. Kjörtímabil forseta endar að 4 árum liðnum.
2. Forseti skal ekki sitja lengur en hámark **3** kjörtímabil.

Það eru margar ástæður fyrir að kjörtímabilin séu hámark 4 ár, svo margar að það þarf tæpast að telja þær upp. En ef nefna skal einhver atriði, þá gæti komið upp sú staða að forsetinn einhverra hluta vegna getur ekki sinnt starfinu. Bara það eitt að veikjast eða einhverjar aðrar ástæður gætu komið upp sem valda því að forsetinn verður að segja af sér.

Við 4. grein:

Þar segir:

4. gr.

7. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 30. júní á sjötta ári frá kosningu.

Athugasemd AKP:

Það þarf að endurskoða vel orðalagið í þessari grein og þar sem segir „.....*skal þá kjósa nýjan forseta til 30. júní á sjötta ári frá kosningu....*“.

Ég velti fyrir mér:

- Ef forsetinn tæki nú upp á að deyja á sama ári og hann er kjörinn?
- Hver á að gegna embættinu þangað til ... á meðan ...?
- Hvaða dagsetningar verða settar sem viðmið, til dæmis ef forsetinn deyr í desember tveimur árum fyrir lok kjörtímabils síns eða fyrr?
- Er meiningin þá að einhverjir staðgenglar fari með embættið í þá mánuði eða ár sem kjörtímabilið varir?

Andmæli:

Þetta orðalag er eitt allsherjar klúður og þarf að endurskoða rækilega. Það eina sem þetta orðalag þýðir fyrir mér er að undirstrika hvað það er fráleitt að ætla að lengja kjörtímabilið úr 4 árum í 6.

Við 7. grein:

Þar segir:

7. gr.

Í stað 2. til 4. málslíðar 14. gr. stjórnarskrárinnar koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi:

Alþingi getur ákært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra eða falið ríkissaksóknara að fara með ákærvaldið. Um ráðherraábyrgð, svo og rannsókn mála, útgáfu ákæru og meðferð mála fyrir dómi vegna ætlaðra embættisbrota ráðherra, skal kveðið á í lögum.

Athugasemd AKP:

Mér finnst ekki koma til greina að fella út Landsdóm vegna þess að sá dómur sem dæmir ráðherra á að vera algjörlega óháður öðrum dómstólum. Að öðru leiti mætti aðlaga textann betur að þeim texta sem fyrir er.

Við 11. grein:

Þar segir:

11. gr.

20. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.

Með lögum skal að öðru leyti mæla fyrir um réttindi og skyldur embættismanna ríkisins og starfsgengisskilyrði þeirra. Þar skal komið á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta og starfslok embættismanna.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismafflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr.

Athugasemd AKP:

Hvers vegna er ekki skilyrt að embættismenn sverji eiða og drengskaparheit að stjórnarskránni? Hér þyrfti að skoða betur breytt orðalag og fyrirhugaðar niðurfellingar.

Við 12. grein:

Þar segir:

12. gr.

22. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 56/1991, orðast svo:

Forseti Íslands setur Alþingi þegar það kemur saman að nýju eftir almennar alþingiskosningar.

Athugasemd AKP:

Hérna finnst mér að vanti að forsetinn setur þing líka hvert ár. Hvers vegna þarf að fella þetta á brott úr textanum sem fyrir er?

Við 13. grein:

Þar segir:

13. gr.

23. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 4. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 56/1991, orðast svo:

Enginn ráðherra getur setið í embætti eftir að Alþingi hefur samþykkt tillögu um vantraust.

Samþykki Alþingi vantraust á forsætisráðherra skal hann biðjast lausnar fyrir sig og ríkisstjórn sína.

Forsætisráðherra, sem beðist hefur lausnar, og ríkisstjórn hans skulu sitja áfram sem starfsstjórn þar til ný stjórn hefur verið skipuð, en ráðherrar í starfsstjórn skulu aðeins taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru.

Athugasemd AKP:

Hvers vegna er verið að fella á brott orðalag 23. greinar? Mætti ekki einfaldlega bæta við einni grein með þessu orðalagi eða bæta þessum kafla inn í greinina?

Við 14. grein:

Þar segir:

14. gr.

Á 24. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 56/1991, verði eftirfarandi breytingar:

- a. Orðin „enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir að það var rofið“ í fyrri málslíð falla á brott.
- b. Á eftir fyrri málslíð kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Áður en forseti tekur afstöðu til tillögu forsætisráðherra um þingrof skal hann leita eftir álitum forseta Alþingis og formanna þingflokka.

Athugasemd AKP:

Hvers vegna þarf að fella niður tímatakmörkin á stjórnarmyndun? Að mínu mati, þá myndast þrýstingur á þá aðila sem semja um mögulegt stjórnarsamstarf og þar af leiðandi ætti að taka skemmri tíma að mynda ríkisstjórn ef hæfilegur þrýstingur er á aðila að koma sér saman um stjórnarsamstarf.

Við 15. grein:

Þar segir:

15. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögum úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta.

Athugasemd AKP:

Hvers vegna þarf að setja þetta ákvæði inn? Hvaða rök eru fyrir þessari breytingu?

Við 17. grein:

Þar segir:

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. stjórnarskrárinnar:

- a. 1. málslíður fellur brott.
- b. Í stað orðsins „Hann“ í upphafi 2. málslíðar kemur: „Forseti“.
- c. Orðin „saksókn né“ og „sem landsdómur hefur dæmt“ í 3. málslíð falla brott.

Athugasemd AKP:

Þessa grein þarf að umorða frá grunni. Það má fella brott líð A. Um 1. málslíð en af hvaða tilefni forseti má náða aðra (NB: menn eða konur) eða að veita uppgjöf saka þarf að skilgreina. Líður C. má standa.

Að mínu mati, þá má alveg ræða þessa grein miklu betur, umorða og bæta inn skilgreiningum einnig. Það er til dæmis ekkert tekið á því hvort að dæmdur kynferðisafbrotamaður eða morðingi eigi að hljóta náðun.

Við 19. grein:

Þar segir:

19. gr.

35. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 56/1991, orðast svo:

Nýtt Alþingi skal koma saman eigi síðar en fjórða þriðjudag eftir almennar alþingiskosningar.

Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis ár hvert og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing.

Alþingi getur frestað fundum sínum um tiltekinn tíma. Hafi fundum Alþingis verið frestað getur forseti Alþingis eigi að síður kvatt þingið saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta Alþingis er það og skylt ef um það berst ósk frá meirihluta þingmanna eða ríkisstjórn.

Athugasemd AKP:

Hvers vegna er ekki tekið fram í stjórnarskránni hvað kjörtímabil Alþingis eru mörg ár? Ætti ekki sama að gilda um Alþingi eins og Forsetaembættið?

Nú hef ég ekki lögin fyrir framan mig en eins og skilja má framsetninguna í stjórnarskránni, þá eru engin tímatak mörg á hvað hvert kjörtímabil á Alþing eru mörg ár. Venjan er að hvert kjörtímabil sé 4 ár. Hvers vegna er það ekki tekið fram varðandi Alþingi?